

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/249****2015/EES/55/20****frá 10. febrúar 2015**

um framlengingu á gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB þar sem þess er krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað

(tilkynnt með númeri C(2015) 603) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ⁽¹⁾, einkum 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/502/EB ⁽²⁾ er þess krafist að aðildarríkin geri ráðstafanir til að tryggja að einungis barnheldir kveikjarar verði settir á markað og banni að kveikjarar með óhefðbundið útlit verði settir á markað.
- 2) Ákvörðun 2006/502/EB var samþykkt í samræmi við ákvæði 13. gr. tilskipunar 2001/95/EB sem takmarkar gildistíma ákvörðunarinnar við eitt ár hið mesta en veitir leyfi til þess að lengja gildistímamann með viðbótartímabilum sem hvert um sig skal ekki vera lengra en eitt ár.
- 3) Gildistími ákvörðunar 2006/502/EB var framlengdur um eitt ár í senn, fyrst með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/231/EB ⁽³⁾ til 11. maí 2008, í annað sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/322/EB ⁽⁴⁾ til 11. maí 2009, í þriðja sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/298/EB ⁽⁵⁾ til 11. maí 2010, í fjórða sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/157/ESB ⁽⁶⁾ til 11. maí 2011, í fimmta sinn með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/176/ESB ⁽⁷⁾ til 11. maí 2012, í sjötta sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/53/ESB ⁽⁸⁾ til 11. maí 2013, í sjöunda sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/113/ESB ⁽⁹⁾ til 11. maí 2014 og í áttunda sinn með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/61/ESB ⁽¹⁰⁾ til 11. maí 2015.
- 4) Enn er verið að setja kveikjara, sem eru ekki barnheldir, á markað. Með efldu markaðseftirliti, allt frá markvissri sýnatöku til skilvirkra takmarkandi ráðstafana, ætti að vera hægt að fækka þeim á markaði.
- 5) Þar sem ekki hafa verið gerðar aðrar fullnægjandi ráðstafanir varðandi öryggi barna í tengslum við kveikjara er nauðsynlegt að framlengja gildistíma ákvörðunar 2006/502/EB um tólf mánuði til viðbótar.
- 6) Því ætti að breyta ákvörðun 2006/502/EB til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 2001/95/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 6. gr. ákvörðunar 2006/502/EB komi eftirfarandi:

„2. Ákvörðun þessi gildir til 11. maí 2016.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 41, 17.2.2015, bls. 41. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 198, 20.7.2006, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 99, 14.4.2007, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 23.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 67, 17.3.2010, bls. 9.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 76, 22.3.2011, bls. 99.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 27, 31.1.2012, bls. 24.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 11.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 38, 7.2.2014, bls. 43.

2. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 11. maí 2015 og birta þessar ráðstafanir. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Věra JOUROVÁ

framkvæmdastjóri.
